

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Miðdal, miðhverfi.*
Í breytingunni felst að lóðamörkum er breytt til samræmis við lóðarleigusamninga.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2008.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hlíðartúns.*
Í deiliskipulaginu felst að afmarkaðar eru fjórar frístundalóðir norðvestan við bæjarhúsin að Hlíðartúni þar sem heimilt er að reisa allt að 150 m² frístundahús á einni hæð auk svefnlofts og 30 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2009.
3. *Endurskoðun deiliskipulags íbúðar- og hesthúsabyggðar við Einbúa á Laugarvatni.*
Í endurskoðuninni felst að fyrirhugað athafnasvæði hestamanna stækkar til suðvesturs yfir svæði þar sem, skv. gildandi deiliskipulagi, er gert ráð fyrir íbúðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Austureyjar I og III, Röðulsgata 17.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 17 við Röðulsgötu stækkar úr 3.140 m² í 3.752 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2010.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III, Stóranefsgata 8.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 60 m til austurs.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.
6. *Breyting á deiliskipulagi orlofssvæðis BHM í Brekkuskógi.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur lóða nr. 18 og 19 eru stækkaðir úr 1.122 m² í 1.773 m² og hámarkshæð húsa á þessum lóðum verður 5,2 m í stað 4,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 29. júlí 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. nóvember 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.